

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um áminningar og tilsjónarmenn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar áminningar voru veittar embættismönnum, forstöðumönnum ríkisstofnana og öðrum starfsmönnum ríkisins árin 2015–2024, skipt eftir ráðuneytum og undirstofnunum?*
2. *Hversu margar stofnanir ríkisins fengu skipaða tilsjónarmenn með rekstri eða annarri starfsemi árin 2015–2024, skipt eftir ráðuneytum og undirstofnunum?*

Ekki er haldið miðlægt utan um upplýsingar af því tagi sem fyrirspurnin lýtur að. Þótt fjármála- og efnahagsráðuneytið fari almennt með starfsmannamál ríkisins felst ekki í því ábyrgð á áminningum til starfsmanna stofnana í öðrum ráðuneytum. Þetta svar við fyrirspurninni er því einskorðað við ráðuneytið sjálf og undirstofnanir þess.

Í þessu sambandi er ástæða til að benda á að engin sérstök ákvæði eru fyrir hendi í lögum um skipun tilsjónarmaðranna með rekstri ríkisstofnana á ábyrgð forstöðumanna. Hins vegar er í 35. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, kveðið á um að ef rekstur ríkisaðila er ekki í viðunandi horfi og upplýsingar um það eru ófullnægjandi að mati hlutaðeigandi ráðherra þá getur hann falið óháðum aðila að gera úttekt á starfseminni. Ráðherra ber þá að leggja mat á úttektina og tryggja að gripið verði til viðeigandi úrræða í rekstrinum. Úttekt slíks greiningaraðila hefur þó ekki áhrif á stjórnunarlegar skyldur viðkomandi forstöðumanns eða ábyrgð hans á fjármálum stofnunarinnar.

Fjármálaráðuneytið:

1. Engar áminningar hafa verið veittar forstöðumönnum né starfsmönnum á því tímabili sem fyrirspurnin nær til.

Ríkisskattstjóri:

1. Ein áminning var veitt starfsmanni tollstjóra árið 2016. Ein áminning var veitt starfsmanni Ríkisskattstjóra árið 2018.
2. Ekki hefur verið skipaður tilsjónarmaður hjá ríkisskattstjóra á því tímabili sem fyrirspurnin nær til.

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE):

1. Tvær áminningar hafa verið veittar starfsmönnum frá sameiningu stofnananna í FSRE frá árinu 2021.
2. Ekki hefur verið skipaður tilsjónarmaður hjá Framkvæmdasýslunni á því tímabili sem fyrirspurnin nær til.

Umbra – þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins:

1. Engar áminningar hafa verið veittar starfsmönnum Umbru á því tímabili sem fyrirspurnin nær til.
2. Ekki hefur verið skipaður tilsjónarmaður hjá Umbru á því tímabili sem fyrirspurnin nær til.

Yfirskattanefnd:

1. Engin áminning hefur verið veitt hjá yfirskattanefnd á því tímabili sem fyrirspurnin nær til.
2. Enginn tilsjónarmaður hefur verið skipaður hjá yfirskattanefnd á því tímabili sem fyrirspurnin nær til.

Fjársýsla ríkisins:

1. Engar áminningar hafa verið veittar forstöðumönnum eða starfsfólki Fjársýslunnar á tímabilinu sem fyrirspurnin nær til.
2. Ekki hefur verið skipaður tilsjónarmaður hjá Fjársýslunni á því tímabili sem fyrirspurnin nær til.